

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Ytra-Hólmi 1, Innri-Akraneshreppi.

Hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir 3 einbýlishús að Ytra-Hólmi 1.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Innri-Akraneshrepps, 5. október 2004.

Ása Helgadóttir oddviti.

18. október 2004

Nr. 855

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi, athafnasvæði-Helluhraun, 1. áfangi, Hringhella 14, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. september 2004 breytingu á deiliskipulagi, athafnasvæði-Helluhraun, 1. áfangi, Hringhella 14, Hafnarfirði. Breytingin felst í stækkun byggingarreits til beggja hliða samtals um 5 m. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 18. október 2004.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

11. október 2004

Nr. 856

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Nýtt deiliskipulag vegna „Reykjavíkurvegar 50-52 og Flatahrauns 1“.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 nýtt deiliskipulag fyrir „Reykjavíkurveg 50-52 og Flatahraun 1“ í Hafnarfirði. Tillagan felst í meginatriðum í því að við Reykjavíkurveg 52 og Flatahraun 1 verði gerðar tvær íbúðarlóðir fyrir fjölbýlishús með allt að 78 íbúðum. Jafnframt fellur úr gildi breyting á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar“ vegna Reykjavíkurvegar 50 sem samþykkt var 7. desember 1999. Farið var með málið samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar“.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar“. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum er breytt til samræmis við nýrri áætlanir. Farið var með breytinguna samkv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. október 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna lagningu ökutækja við Ofanleiti að austanverðu. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.

Á sama grundvelli hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að biðskylda verði á eftirtöldum götum á Kjalarnesi:

1. Á Hofsgrund fyrir umferð um Brautarholtsveg.
2. Á Vallargrund fyrir umferð um Hofsgrund.
3. Á Esjugrund fyrir umferð um Vallargrund
4. Á Víkurgrund fyrir umferð um Vallargrund.
5. Á útkeyrsluleið frá Klébergsskóla fyrir umferð um Vallargrund.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. október 2004.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2003.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:

	Kr.
Innheimtir dráttarvextir	209.148.969
Innheimtuþóknun vegna erlendrar innheimtu	3.931.869
Önnur innheimtuþóknun	5.905.585
Endurkrafinn fjárnámskostnaður	7.039.899
	226.026.322